

GJALDSKRÁ

fyrir söfnun, förgun, móttöku og flokkun sorps í Borgarbyggð.

1. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar er heimilt að leggja á sérstakt sorpgjald vegna söfnunar, förgunar, móttöku og flokkunar á sorpi í sveitarfélaginu samkvæmt 7. gr. samþykktar um meðhöndlun úrgangs í Borgarbyggð nr. 295/2007 og 11. gr. laga um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

2. gr.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar hefur ákveðið að sorpgjald á hvert heimili í þéttbýli verði kr. 31.600 og kr. 26.300 á hvert heimili í dreifbýli. Auk þess hefur sveitarstjórn ákveðið að sorpgjald frístundahúsa verði kr. 13.850.

Fyrir hvert aukasorpilát skal greiða gjald vegna söfnunar og förgunar á sorpi kr. 17.000.

Ofangreind gjöld skulu innheimt samhliða fasteignagjöldum.

3. gr.

Gjaldskrá vegna móttöku- og flokkunarstöðvar í Borgarnesi (gámastöðvar) skal vera með eftirfarandi hætti, virðisaukaskattur innifalinn. Gjaldskrá vegna þessa liðar skal taka breytingum í takt við byggingarvísitölu um hver áramót. Neðangreint verð miðast við grunnvísitölu í desember 2013:

Brotamálmar	kr. 2.406	pr. m ³
Brotamálmar	kr. 9,15	pr. kg
Farartæki (losun á olíu, eldsneyti og kælivökva)	kr. 10.070	pr. stk.
Timbur (ómengáð og hæft í kurlun)	kr. 1.240	pr. m ³
Timbur (blandað, mengað eða óhæft í kurlun)	kr. 2.404	pr. m ³
Gler og postulín	kr. 1.243	pr. m ³
Garðaúrgangur	kr. 1.243	pr. m ³
Jarðvegur, grjót og múrbrot	kr. 1.243	pr. m ³
Pappír (ekki bylgjupappi)	kr. 3.077	pr. m ³
Ópressanlegur úrgangur s.s. húsgögn	kr. 1.660	pr. m ³
Blandaður pressanlegur úrgangur	kr. 3.320	pr. m ³

Í ofangreindri gjaldskrá er reiknað með að komið sé með flokkað sorp á gámastöðina. Ef sorp er ekki forflokkað leggst 20% álag á ofangreint verð.

Atvinnurekandi eða fulltrúi hans skal ávallt kvitta undir hjá starfsmanni gámastöðvarinnar vegna móttöku hans á úrganginum á þar til gert eyðublað í þríriti. Borgarbyggð sendir síðan innheimtuseðil á viðkomandi atvinnurekanda.

Íbúar sveitarfélagsins geta komið með allt að 8 rúmmetur af úrgangi frá heimilum á ári, á Gámastöðina í Borgarnesi, án þess að þurfa að greiða fyrir.

Sveitarstjórn Borgarbyggðar getur ákveðið að gefa út klippikort með eða án afsláttar vegna gjaldheimtu á ofangreindri þjónustu.

Tekið er á móti spilliefnum, rafeindabúnaði/raftækjum, bylgjupappa, hjólbörðum, rúlluplasti og fatnaði án endurgjalds.

4. gr.

Gjaldskrá vegna úrgangs, sem verktakar hafa gert samning við Borgarbyggð um að farga megi á urðunarstaðnum við Bjarnhóla, skal vera með eftirfarandi hætti og er virðisaukaskattur innifalinn. Gjaldskrá vegna þessa liðar skal taka breytingum í takt við byggingarvísitölu um hver áramót. Neðangreint verð miðast við grunnvísitölu í desember 2013:

Timbur (ómengáð og hæft í kurlun)	kr. 1.240	pr. m ³
Gler og postulín	kr. 1.243	pr. m ³
Garðaúrgangur	kr. 1.243	pr. m ³
Jarðvegur	kr. 1.243	pr. m ³
Grjót og múrbrot	kr. 1.453	pr. m ³

Nr. 1290

13. desember 2013

Lífrænn heimilisúrgangur	kr. 1.453 pr. m ³
Hrossatað	kr. 1.240 pr. m ³

Ekki verður heimilt að meðhöndla annan úrgang en að ofan greinir á þessum urðunarstað. Urðunarstaðurinn er afgirtur, læstur og undir eftirliti.

Gjaldskrá vegna Bjarnhóla tekur ekki gildi fyrr en staðurinn hefur fengið starfsleyfi.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar staðfestist hér með samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi.

Með gjaldskrá þessari fellur úr gildi eldri gjaldskrá nr. 1290/2012.

Borgarnesi, 13. desember 2013.

Páll S. Brynjarsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 14. janúar 2014